

Nd.

585. Nefndarálit

[118. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Efnismálsgr. 1. gr. orðist svo:

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af afsalsbréfum fyrir löndum og lóðum, er sveitarfélög kaupa, þótt þau njóti ekki aðstoðar ríkissjóðs skv. lögum þessum. Sama gildir um öll lánskjöf, sem út eru gefin vegna slíkra landa- og lóðakaupa.

Alþingi, 18. apríl 1972.

Jónas Árnason,
form.

Bjarni Guðnason,
fundaskr., með fyrirvara.

Jón Skaftason,
frsm.

Stefán Valgeirsson.

Ólafur G. Einarsson.
Gylfi Þ. Gíslason.

Ragnhildur Helgadóttir.